

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla menntun í átthögum þeirra bræðra, en í því augnamiði skal veita þeim börnum verðlaun, sem fá hæsta aðaleinkunn í hverri deild barnaskólans í Stafholtstungum. Má verja til slíkra verðlaunaveitinga allt að $\frac{3}{4}$ hlutum ársvaxta af innstæðu sjóðsins í lok hvers reikningsárs, en verðlaun skulu vera jöfn til allra nemenda, er þau hljóta. $\frac{1}{4}$ hluti ársvaxtanna skal ávallt leggjast við höfuðstólinn.

4. gr.

Tekjur sjóðsins verða: Vextir af höfuðstól, eins og hann er á hverjum tíma, svo og gjafir eða áheiti, sem honum kann að áskotnast, en vaxtatekjur einar koma til úthlutunar samkvæmt áramótauppgjöri.

5. gr.

Verðlaun úr sjóðnum skulu veitt í fyrsta sinni í lok skólaárs 1972, en á því ári, hinn 14. marz eru liðin 100 ár frá fæðingu Björns Ólafssonar. Verðlaun skulu þá afhent við skólaslit og ávallt árlega síðan.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa formaður skólanefndar, sem er formaður sjóðstjórnar, og meðstjórnendur, skólastjóri og oddviti Stafholtstungnahrepps. Stjórnin sér um eignir sjóðsins, reikningshald og fjárreiður.

7. gr.

Sjóðurinn skal varðveittur í Landsbanka Íslands í sparisjóðsbók nr. 93825, sem stofnféð var lagt inn í 5. ágúst s. l. Skal formaður skólanefndar geyma bókina í sínum vörzlum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af tveimur endurskoðendum tilnefndum af skólanefnd.

8. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar forseta Íslands.

Ísafirði, 1. september 1958.

Elís Ólafsson.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, nr. 163 13. des. 1944,
sbr. reglugerð nr. 141 21. des. 1955.

1. gr.

26. gr. reglugerðarinar orðist svo:

- A. Skip, sem eru eign búsettra manna í Neskaupstað og skrásett þar, skulu greiða einu sinni á ári 3 krónur af hverri brúttósmálest, þó aldrei minna en 20 krónur. Auk þess greiða þau skip, er stunda millilandasiglingar 40 aura af hverri nettósmálest í hvert sinn, er þau koma á höfnina úr millilandasiglingu.
- B. Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum greiða 40 aura af hverri nettósmálest í hvert skipti, sem þau leggjast á Neskaupstaðarhöfn.
- C. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, sem að framan greinir, skulu greiða 80 aura af hverri nettósmálest.

28. gr., staflíður A, orðist svo:
Af öllum aðkomuskipunum 40 aurar af hverri nettósmálest fyrir fyrsta sólarhring og 30 aura á smálest fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem fram yfir er.

2. gr.

35. gr. orðist svo:

Vörugjaldskrá:

1. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hver 100 kg:
Kol, salt, sement, stál, stálvörur, stálvír, nýr fiskur með haus, óverkaður saltfiskur.
2. flokkur. Gjald 90 aurar fyrir hver 100 kg:
Garðávextir, freðfiskur, verkaður saltfiskur, lýsi, steinsteyptar vörur, freðsild.
3. flokkur. Gjald 110 aurar fyrir hver 100 kg:
Alls konar óunnið járn, saumur, eldfastur leir, gólf- og veggflisar, eldfastir steinar, fiskimjöl, sildarmjöl, fóðurmjöl, korn- og mjölvara, alls konar sykur, tilbúinn áburður, múrhúðunarefni, vikursteinn, vikurplötur, þakhellur.
4. flokkur. Gjald 130 aurar fyrir hver 100 kg:
Eldavélar og tilheyrandi, timbur, sem reiknað er eftir þyngd, kaðlar, pappír til húsagerðar, asbest, kalk, mör og tólg, fuelolía.
5. flokkur. Gjald 160 aurar fyrir hver 100 kg:
Bárujárn, kjöt, gufuvélar, hreyflar, varahlutir til véla, tjara, bik, asfalt, hvers konar landbúnaðarvélar, fræ, bifreiðar og varahlutir til þeirra, alls konar fiskumbúðir, tvistur, skreið.
6. flokkur: Gjald 175 aurar fyrir hver 100 kg:
Brennsluolíur (aðrar en fuelolía), benzín, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, hrogn, strigapokar.
7. flokkur. Gjald 220 aurar fyrir hver 100 kg:
Útgerðarvörur, svo sem línur, önglar, net og nætur, kitti, gætur, garnir gashylki, jurtafeiti, smurningsolíur, ull, ullarballar, akkeri, blý, krossviður, smjör, smjörlíki, skyr, ostar, mjólk, rjómi, vír, vírnet, þvottapottar með eldstó.
8. flokkur. Gjald 330 aurar fyrir hver 100 kg:
Málning og efni til málningar, lakk, lím, gips, korkvörur og unnið kork, brauðvörur, kex, linoleum, pappír og pappírsvörur, bækur, olíufatnaður, skinn (hörð) svo og allar vörur ótaldar annars staðar.
9. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 10 kg:
Veggfóður, hráefni til iðnaðar svo sem sýrur, essensar, brennisteinn o. þ. h., gúmmí og gúmmívörur, siglingatæki svo sem áttavitar, dýptarmælar og hraðamælar, niðursuðuvörur, tin, zink, olíuofnar, verkfæri svo sem smíðatól, rekur og hakar, emalleraðar vörur, leirvörur algengar, smávélar, svo sem þrjónavélar, saumavélar, skilvindur, smáiðnaðarvélar o. þ. h., hreinlætisvörur svo sem þvottaefni, sápur, sódi, gólf-, skó- og húsgagnaáburður og gólfklútar, glervörur algengar, eldhúsáhöld, járnkeðjur, meðalalýsi, kjötvörur svo sem pylsur.
10. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 10 kg:
Baðlyf, ljósaefni svo sem vax, carbid o. þ. h., maccaroni, blikkvörur, bökunarvörur svo sem dropar og gerduft, vörur úr eir, messing, bronze o. þ. h., barnavagnar, dívanar og efni í þá, leður og leðurvörur, lyfjavörur, ávextir þurrkaðir og nýir.
11. flokkur. Gjald 70 aurar fyrir hver 10 kg:
Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, viðtæki, hátalarar, viðtækjaefni, eldspýtur, te, kaffi, kaffibætir, húsgögn, peningaskápar, jólatré, kerrur, hjólbörur, hverfisteinar, rúðugler, segldúkur, prentsverta.

12. flokkur. Gjald 120 aurar fyrir hver 10 kg:
Smáhljóðfæri, tónvélaplötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, fatnaður, klukkur, mælar, símaþvörur, súkkulaði, kakaóduft, leikföng, sýnishorn o. þ. h., brýni, rafgeymar, skófatnaður (ekki gúmmí).
13. flokkur. Gjald 250 aurar fyrir hver 10 kg:
Tóbaksvörur, tóbak, vín, spíritus, bólstrunarvörur, hárvötn, snyrtivörur, skartgripir, ilmvötn, dúnn, fiður.
14. flokkur. Gjald 35 aurar fyrir hvert teningsfet:
Timbur og aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.
15. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur.
16. flokkur. Gjald 75 aurar fyrir hvert stykki:
Endursendir öl- og gosdrykkjakassar og aðrar tómar umbúðir.
17. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hverja tunnu:
Saltsíld.
18. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg:
Síld, sem lögð er á land til bræðslu, söltunar eða frýstingar.

118

15. sept.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. september 1958.

Eysteinn Jónsson.

Brynjólfrur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

119

15. sept.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Akraneskaupstað, nr. 207 7. nóv. 1947, sbr. reglugerð nr. 64 6. apríl 1956, um breyting á þeirri reglugerð.

1. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

- a. Skip og bátar 5—200 smálestir brúttó, sem eru eign manna, búsettra á Akranesi og gerðir út þaðan til fiskveiða eða flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Akranesi, a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 12 krónur af hverri brúttósmálest skips eða báts, þó ekki yfir 1200 krónur fyrir einn bát eða skip, og aldrei minna en 120 krónur, Vélbátar, minni en 5 smálestir brúttó, skulu greiða 120 króna lestagjald á ári.
- b. Flóabáturinn Reykjavík — Akranes — Borgarnes, skal greiða lestagjald einu sinni á ári, 40 krónur af hverri heilli brúttósmálest skipsins.
- c. Innland fiskiskip, hverju nafni sem þau nefnast, svo og skip, sem eingöngu eru í innanlandssiglingum, skulu greiða lestagjald, 60 aura af hverri nettólest skipsins, þó ekki oftár en tvisvar í sama mánuði, enda þótt þau komi oftár til hafnar.
- d. Öll önnur skip, sem á téð hafnarsvæði koma, nema herskip, björgunarskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna og skip, sem nefnd eru undir staflíð e þessarar greinar, skulu greiða 65 aura af hverri heilli smálest nettó. Skip, sem sigla eftir fastri